

186 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 29. janúar kl.10:00 á Teams.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Einar Brandsson, Ragnar Sæmundsson, Elín Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð.

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.10:00

Dagskrá

1. Fundargerð frá 185 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 185 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

2. Samstarf við HVE

Framkvæmdastjóri kynnti drög að yfirlýsingu um samstarfi á milli HVE og SSV, f.h. sveitarfélaganna, um að laða að sérfræðinga og annað heilbrigðisstarfsfólk til starfa á starfsstöðvum HVE á Vesturlandi.

3. Aðalfundur SSV 2025

Lögð fram tillaga um að aðalfundur SSV árið 2025 fari fram miðvikudaginn 26. mars n.k. Fundurinn verður haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi. Stjórn samþykkti tillöguna.

4. Uppbyggingarsjóður Vesturlands

Lagt fram yfirlit yfir úthlutanir Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, en úthlutað var úr sjóðnum 24 janúar s.l. Alls var úthlutað styrkjum að upphæð kr. 48.440.000.- en 68 umsóknar af 111 fengu brautargengi. Síðar á árinu er stefnt að því að úthluta aftur styrkjum til atvinnu- og nýsköpunar verkefna og verða þá til úthlutunar rúm 21. m.kr.

5. Sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029

Undirritaður var samningur á milli SSV og ráðuneyta samgöngu- og sveitarstjórnarmála, háskólanýsköpunar og menningar og umhverfis-orku og loftlagsmála um Sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029 þriðjudaginn 28. janúar sl. Samningurinn hefur því tekið gildi. Samþykkt var að fela

framkvæmdastjóra að tilnefna fulltrúa í nýjan samráðsvettvang sóknaráætlunar, en hann skipa 30 fulltrúar, þ.e. stjórn SSV ásamt 19 fulltrúum ýmissa hagaðila.

6. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands 2025

Lagt fram minnisblað með tillögum að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2025, en ráðgert er að verja 36 m.kr. til áhersluverkefna. Framkvæmdastjóra var falið að fullvinna tillögurnar og kynna fyrir stjórn áður en þær verða sendar til Stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál til staðfestingar.

7. Fundur með þingmönnum NV-kjördæmis

Lagt fram minnisblað frá fundi með þingmönnum NV-kjördæmis sem og kynning framkvæmdastjóra SSV á fundinum. Umræða varð um að á fundum stjórnar með þingmönnum verði skrifaðar fundargerðir og framkvæmdastjóra falið að útfæra það.

8. Gleipnir nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað um Gleipni nýsköpunar- og þróunarsetur á Vesturlandi. Undanfarið hafa fulltrúar úr stjórn Gleipnis fundað með fulltrúum Landsvirkjunar varðandi stuðning við starfsemi Gleipnis. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun

„Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) skorar á Landsvirkjun að styðja við starfsemi Gleipnis nýsköpunar- og þróunarseturs á Vesturlandi, líkt og fyrirtækið hefur gert við sambærileg setur í öðrum landshlutum þar sem Landsvirkjun er stofnaðili eins og hjá Gleipni. Reynslan sýnir að stuðningur Landsvirkjunar hefur haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi nýsköpunar- og þróunarsetra sem hafa verið að vinna að orku og loftlagsmálum. Hann hefur gert þeim kleift að setja af stað mikilvæg verkefni sem oftast en ekki hafa getað sótt sér stuðning erlendis frá og leitt af sér jákvæða þróun í landshlutunum. Því hvetur stjórn SSV til þess að Vesturland njóti sambærilegs stuðnings frá fyrirtækinu líkt og aðrir landshlutar eru að njóta“

9. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri kynnti vinnu við gerð nýrrar mannauðsstefnu fyrir SSV og vinnu við fjarvinnustefnu og starfsmannahandbók. Stefnt er að því að leggja þessar stefnur fyrir stjórn SSV til afgreiðslu á næsta fundi.

10. Upplýsingamál

Lagt fram minnisblað um stöðu upplýsingamála hjá SSV. Þar kom fram að Svala Svavarsdóttir verkefnisstjóri upplýsingamála hjá SSV hefur setið í vinnuhópi á vegum landshlutasamtakanna um endurskoðun á umsóknarkerfi uppbyggingarsjóða landshlutanna. Þá kom einnig fram að til skoðunar er að láta hanna nýja vefsíðu fyrir SSV og endurmeta skjalakerfi.

Fundi slitið kl.11:07